

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Kristján Hjálmarsson á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærðu Guðmundur Sölvason og Pétur Þorvarðarson greiði in solidum áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttamálaflutningsmannna Odds Gíslasonar og Einar Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 1. febrúarmánaðar.

Nr. 33/1902:

Réttvísingegn

Stefáni Guðmundssyni og Óla Jóni Jónssyni.

Dómur:

Hinir ákærðu hreppstjóri Stefán Guðmundsson og hreppnefndaroddvíti Óli Jón Jónsson eru í máli þessu sakaðir fyrir það, að þeir hafi haustið 1900 breytt verðlagsskýrslu Miklaholtshrepps, eftir að hún var full-

samin af verðlagsskrárnefndinni, og þannig falsað hana, en með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu, uppkveðnum 20. maím. 1902 í sakamáli, sem höfðað var gegn hinum ákærðu fyrir þessa sök, voru þeir sýknaðir af ákæru sóknarans, og málskostnaður dæmdur af almannafé. Dómi þessum hefir hlutaðeigandi amtmaður skotið til yfirdómsins, og hafa nýjar réttarránsóknir fram farið og nýjar skýrslur verið fengnar í málinu samkvæmt úrskurði yfirréttarins, eftir að aukaréttardómurinn var uppkveðinn.

Í októbermánuði 1900 sömdu hinir ákærðu ásamt prestinum Árna Þórarinssyni verðlagsskýrslu fyrir Miklaholtshrepp, samkvæmt lögum nr. 16 6. nóv. 1897, og var þá í skýrsluna sett verðlag á gjaldvöðarvaðmáli 1 kr. 50 aur. eða 1 kr. 25 aur., eða eitthvað yfir 1 kr. á alinina. Skýra hinir ákærðu svo frá, að þetta hafi verið á móti vilja þeirra, og að nokkru leyti af vangá; hafi ágreiningur verið milli nefndarmanna um það, hvort verðleggja skyldi gjaldvöðarvaðmál, en þriðji nefndarmaðurinn, séra Arni Þórarinsson, kannast þó eigi við þann ágreining, og segir að verðlagið hafi verið sett með góðu samkomulagi þeirra. Hinn ákærði Stefán hreppstjóri sendi síðan sýslumanni skýrsluna um mánaðamótin okt. — nóvbr., en fekk hana aftur endursenda frá sýslumanni til þess að hún yrði lögð fram lögum samkvæmt. Tjáist Stefán þá hafa veitt því eftirtekt, að gjaldvöðin hafi verið verðlögð, enda fengið skeyti frá settum sýslumanni, Sæmundi Halldórssyni, um það, að vaðmál ætti ekki að standa í skýrslunni, og hafi hann þá skafið verðlagið út í samráði við og með samþykki meðákærða hreppsnefndar-

oddvita Óla Jóns Jónssonar, er þá var staddur að heimili hreppstjórans. Síðan hafi hann endursent sýslumanni skrána, þannig breytta. Skýrsla meðákærða Óla Jóns Jónssonar er samhljóða skýrslu Stefáns að því er snertir meðverknað hans í breytingum á skýrslunni. Hinir ákærðu skýrðu eigi Árna presti Þórarinsyni frá breytingunni, því síður að þeir fengi samþykki hans til hennar.

Þannig er skýrsla hinna ákærðu um aðalatvik málsins, eins og þeir gáfu hana síðast; en upphaflega skýrðu þeir svo frá, að þeir hefðu gjört breytinguna á skránni áður en hún var send til sýslumanns, en skömmum tíma eftir að hún var samin, *án* þess að skráin hafi verið endursend þeim.

Þar sem hinir ákærðu hafa haldið því fram, að það hafi verið af vangá, að gjaldvoðarverðlagið upphaflega var sett í skrána, þá verður þetta eigi álitid, þegar litið er til eiðfests framburðar séra Árna Þórarinssonar og þess atviks, að hinir ákærðu undirskrifuðu skrána með téðu verðlagi, enda segja það sjálfir, að ágreiningur hafi einmitt orðið um þetta verðlag. Hitt má taka trúanlegt, að hinir ákærðu hafi verið þeirrar skoðunar, að eigi ætti að verðsetja vaðmál í skránni, þótt hitt yrði ofan á við samningu hennar. Það verður nú og eftir skýrslum málsins að álíta, að eigi hafi verið ástæða til þess að setja gjaldvoðarvaðmál á verðlagsskrá í Miklaholtshreppi haustið 1900 samkvæmt lögum 6. nóv. 1897. Þar sem hinn ákærði Stefán hefir borið það, að hann hafi fengið skeyti frá settum sýslumanni Sæmundi Halldórssyni um að gjaldvoðar-

vaðmál ætti ekki að verðleggjast, þá hefir Sæmundur neitað því, að hann hafi sent nokkur skeyti í þá átt, munnleg eða skrifleg.

En það er komið fram í málinu, að hið reglu-lega yfirvald í sýslunni, Lárus H. Bjarnason, hafi svo árum skiftir iðulega bæði á mannfundum og við einstaka menn, látið það álitid sitt í ljósi, að rangt væri að gjaldvoðarvaðmál væri metið til verðlagskrár í hreppum sýslunnar, og að hann enda hafi látið verðlagsskrárnefndir breyta sömdum skráum í þessu atriði. Þetta álit yfirvaldsins hefir hinum ákærðu verið kunnugt, og í trausti þess virðast þeir hafa gjört breytinguna á skránni Þegar þessi atvik öll eru athuguð, virðist það viðurlitamikið að kveða svo á, að hinir ákærðu hafi af ásettu ráði gjört sig seka í skjalafalsi eða í broti gegn 135. gr. hegningarlaganna með því að breyta skránni á ofangreindan hátt án samþykkis séra Árna Þórarinssonar, en það eitt vantaði til þess, að þeir gæti löglega breytt skránni, áður en hún var lätin liggja frammi, og þykir því verða að sýkna þá af ákæru sóknarans í máli þessu. En með tilliti til framkomu þeirra í málinu þykir rétt, að þeir greiði báðir in solidum allan kostnað þess bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra. — Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið viðunanlegur, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu Stefán Guðmundsson og Óli

Jón Jónsson eiga að vera sýknir af ákæru sóknarans í þessu máli, en greiða skulu þeir in solidum allan sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 15 kr. til hvors. — Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 46/1903:

Hið opinbera  
gegn  
Birni Kristjánssyni.

#### D ó m u r:

Í máli þessu er hinn kærði Björn Kristjánsson, kaupmaður í Reykjavík, sakaður fyrir ólöglega meðala-sölu, og var hann fyrir þá sök dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkurkaupstaðar 15. okt. f. ár, til að greiða 5 króna sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkurkaupstaðar, og allan málskostnað í héraði, en þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins eftir ósk hins kærða.

Það er í máli þessu sannað með eiginni játningu hins kærða, að hann hafi um nokkur undanfarin ár eða síðan 1897 að minsta kosti, haft á boðstólum fyrir almenning og verzlað með Liebes Maltextract með kíníni og jární, Liebes Sagradavín og Liebes Sagrada-töflur, án þess að hann hafi haft leyfi til lyfjasölu